

Mál nr. 138/2013
M
og
Vátryggingafélagið V v. Ábyrgðartryggingar H

Ágreiningur um bótaskyldu í tengslum við byggingu fjöleignahúss.

Gögn.

1. Málskot móttengið þ. 8.4.2013 ásamt fylgiskjöllum 1-5
2. Bréf V dags. 29.4.2013.

Málsatvik.

Mál þetta varðar sama mál og fjallað var um af Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum í úrskurði nefndarinnar nr. 4/2013. Lögmaður M byggir á þeim gögnum sem þá voru lögð fram auk nokkurra nýrra gagna sem nú eru lögð fram af hálfu M. Eins og fram kom í úrskurði nr. 4/2013 þá telur M að margvíslegir annmarkar hafi komið fram við byggingu húss þess sem málskot þetta fjallar um og gerir kröfu til bóta úr ábyrgðartryggingu H sem voru verktakar við pípulagnir við húsbygginguna. V hafnaði bótaskyldu þar sem félagið taldi útilokað að sjá nákvæmlega hvaða tjón það er sem óskast bætt en margháttað tjón hefur verið metið í matsgerðum sem voru fylgiskjöl í málinu og frekari samskipta. Þá liggur ekki fyrir ábyrgð byggingarstjóra á þeim misfellum sem komið hafa fram og vísar V til þess að það valdi því að málið sé það illa upplýst að visa beri því frá sbr. e-lið 1.mgr. 4.gr. samþykta Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum. Úrskurðarnefndin úrskurðaði að sá málatilbúnaður sem hafður var uppi í máli nr. 4/2013 væri svo óljóst og illa upplýst að það væri ekki tækt til úrskurðar.

Nú liggja fyrir tölvubréf um viðurkenningu á bótaskyldu vátryggingafélags byggingarstjóra á ákveðnum göllum sem fjallað er um í matsgerðum sem liggja frammi í málinu. Að öðru leyti er ekki öðrum nýjum gögnum til að dreifa af hálfu M að undanskildum málsútlitunum lögmanns hennar. Af hálfu V er vísað til þess nú að V samþykki ekki að Úrskurðarnefndin fjalli um fjárkröfur, en slíkt er ekki unnt nema báðir aðilar samþykki það. V telur að þrátt fyrir það að í síðara málskoti séu tilteknir liðir með vísan til matsgerða þá komi ekkert nýtt fram sem sýni sök H á því tjóni sem M kunni að hafa orðið fyrir og hafnar því bótaskyldu.

Álit.

Mál þetta er orðið nokkuð umfangsmikið en á það skortir að sýnt sé fram á bótaskyldu H af hálfu M miðað við fyrirbyggjandi gögn og engin ný gögn eru lögð fram í þessu máli umfram það sem lagt var fram í máli nr. 4/2013 sem sýna fram á bótaábyrgð H í málinu miðað við skilmála ábyrgðartryggingar hans hjá V. M á því ekki miðað við fyrirbyggjandi gögn rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu H hjá V

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu H hjá V.

Reykjavík 21.5.2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.